



euronatur



SAVE Foundation, Head Office,
Joseph-Belli-Weg 5, D-78467
Konstanz

office@save-foundation.net

www.save-foundation.net

www.elbarn.net

16th March, 2010

ELBARN, aðgerðaráætlun fyrir norðan- og vestanverða Evrópu vegna verndunar og björgunar sjaldgæfra búfjarkynja

Til norður- og vestursvæðis Evrópu (NWE) teljast eftirtalin lönd samkvæmt flokkun ELBARN samstarfsins um verndun sjaldgæfra búfjarkynja sem mörg hver eru í útrýmingarhættu: Frakkland, Lúxembúrg, Stóra-Bretland, Írland, Belgía, Holland, Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland og Ísland. Í kjölfar þróunar í átt til iðnvæðingar landbúnaðarframleiðslu eru æ fleiri bændur í norðan- og vestanverðri Evrópu að reyna að drýggja bústekjur sínar með nýsköpun þar sem nýting sjaldgæfra búfjarkynja gegnir veigamiklu hlutverki. Þar koma m.a. við sögu; framleiðsla lífrænna matvæla, svæðisbundnar afurðir, borgarbyli, skólabýli, ferðapjónusta, umhverfisverkefni og beit í þágu náttúruverndar. ELBARN samstarfið í norðan- og vestanverðri Evrópu hefur eftirtalin fimm megin markmið:

1. Stofnaður verði "aðgerðahópur" í hverju landi (eða á landssvæðum) vegna samræmingar fyrir framtíðina.
2. Haldið verði áfram skráningu allra sjaldgæfra búfjarkynna, ræktenda, "verndunararka" og "björgunarstöðva"
3. Tryggðar verði öruggar smitvarnaráætlanir og betri samskiptatengsl við dýralækningayfirvöld.
4. Bætt verði samræming í markaðssetningu afurða sjaldgæfra búfjarkynja og miðlað upplýsingum um góða starfshætti.

Til þess að unnt sé að ná þessum markmiðum er þörf eftirtalinna aðgerða, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi:

Supported by the
European Union



Schweizerische Eidgenossenschaft
Confédération suisse
Confederazione Svizzera
Confederaziun svizra

SWISSLOS
Kanton St.Gallen

- Koma þarf upp samhæfðum “verndunarörkum” og “björgunarstöðvum” sem falla að markmiðum ELBARN verkefnisins.
- Í hverju landi ætti aðgerðahópur að kynna baráttumál ELBARN. Þessir aðgerðahópar geta sent fulltrúa á fundi aðgerðahópa á norður/vestursvæði Evrópu.
- Afla þarf fjármuna til að kosta verkefnið.
- Bæta þarf upplýsingaflæði á öllum stigum á milli þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.
- Til staðar þurfa að vera traust félög fyrir hvert búfjárkyn, gagnasöfnun á faglegum grundvelli, skráning allra gripa, staðsetning mikilvægra ræktunarhópa og skráning ræktenda.
- Bæta þarf tengsl á milli ræktunarfélaga sem gæta hagsmuna kynja er finnast í fleiri en einu landi (þverþjóðleg) eða sjaldgæfra erlendra kynja í öðrum löndum.
- Viðbragðsáætlanir vegna smitvarna, bæði innanlands og alþjóðlegar, þarf að vinna og kynna fyrir dýralæknayfirvöldum.
- Halda þarf vinnufundi, jafnvel með þátttakendum frá fleiri en einu landi, til þess að ræða veigamikil efni og skiptast á hollráðum. Stunda fræðslustarfsemi, leiðbeina ræktendum, þeim aðilum sem reka “verndunararkir”, og dýralæknum. Sinna markaðsstarfi og kynna erfðaauðlindir fyrir fjölmiðlum.
- Gera sérstakt átak til kynningar erfðaauðlinda í fjölmiðlum, bæta gagnagrunn ELBARN um erfðaauðlindir í landbúnaði, kynna myndefni, þar með myndbönd og diskka með lýsingum á búfjárkynjum, þannig að nýta megi slíkt efni við alþjóðlegar fjölmiðlakynningar.
- Gera almenning meðvitaðan um notkun gamalla búfjárkynja sem lið í náttúruvernd, á borgarbýlum, á skólabýlum o.s.frv.
- Leggja áherslu á fræðslu og menntun um þessi efni í héraði og á landsvísu.

Megin markmiðið í framtíðinni er að stuðla að því að sú erfðafjölbreytni sem nú er til í norðan- og vestanverðri Evrópu glattist ekki. Ekki aðeins

þarf að vernda sjálft búféð heldur einnig notagildi og afurðir þess. Til þess að unnt sé að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að hafa tiltæka góða lýsingu á öllum búfjárkynjum og faglega unnið skráningarkerfi. Betri samskipta er þörf; við ríkisstjórnir, á milli ræktenda, við dýralæknayfirvöld (sóttvarnaáætlanir) og við almenning. Hagsmunaaðilar á öllum stigum geta deilt með sér upplýsingum og góðum starfsháttum við menntun, þjálfun, markaðssetningu og ræktunarstarf. Skipuleggja ætti öflugra starf til þess að auka menntun og fræðslu, skiptast á upplýsingum og koma að umfjöllun um sjaldgæf búfjárkyn í fjölmiðlum í þeim tilgangi að gera almenning meðvitaðri. Brynt er að viðhalda þeim fjölbreytileika sem hefðbundin kyn búa yfir og vernda hann fyrir komandi kynslóðir.